

# Minnisblað

Móttakandi:

Dags.: 6. október 2005

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 0510373SA

Tilv.:165

**Efni: Fjárlög 2005**

## Almennt:

Með fjárlögum hverju sinni leggur ríkisstjórnin fram útfærslu á efnahagsstefnu sinni fyrir næsta ár og leggur línur varðandi þróun efnahagsmála næstu ára. Niðurstaða þeirrar stefnu hefur vitaskuld veruleg áhrif á rekstrarumhverfi sveitarfélaganna svo sem er varðar hagvöxt, atvinnuástand, verðþróun og umfang hins opinbera. Aftur á móti eru ekki nema að litlu leyti teknar pólitískar ákvarðanir í fjárlögum hverju sinni um framlög ríkisins til sveitarfélaganna. Yfirleitt eru fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga fastbundin í lögum og falla þannig undir formleg fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Í fjárlögum fyrir 2006 kemur fram að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að verðbólga verði í hærra lagi næstu árin við það sem hún hefur verið undanfarin ár. Það kemur fram í töflu 1.

**Tafla 1. Verðbólga**

	Áætlun 2005	Frumvarp 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
<b>Vísitala neysluverðs</b>	3,9%	3,8%	4,0%	2,8%	2,5%

Framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar er að verðbólga verði í kringum 4% út árið 2007. Það er hærra verðbólguþig en verðbólguþig Seðlabankans gengur út frá sem er 2,5%. Kjarasamningar á almennum markaði gengur út frá þessari viðmiðun seðlabankans og kjarasamningar Launanevndar sveitarfélaga einnig.

Í nýútkomnu Ársfjórðungsriti Seðlabankans er fjallað um greiningu sérfræðinga á fjármálamarkaði hvað varðar verðbólgu þróun næsta árs. Ljóst er að það er verulegur munur á niðurstöðum einstakra aðila hvað varðar spá um verðbólguþróun næsta árs. Niðurstaða þess kemur fram í töflu nr. 2.

**Tafla 2. Yfirlit um spár sérfræðinga á fjármálamarkaði**

	2005			2006			2007		
	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Verðbólga (yfir árið)	3,7	3,4	4,2	5,3	3,8	7,1	3,7	2	5,5
Verbólga (milli ársmeðaltala)	3,8	3,6	4,2	4,4	3,7	4,9	4,9	3,5	6,8

Heimild: Peningamál, 2005/3

Hér kemur fram að spár sérfræðinga á fjármálamarkaði eru nokkuð misvísandi og ríkir nokkur óvissa um þróun verðbólgunnar á næstu misserum og árum. Sú óvissa eykst vitaskuld eftir því sem lengra líður. Seðlabankinn spáir 4,2% verðbólgu að ári og rétt rúmlega 4% verðbólgu eftir tvö ár. Síðan telur Seðlabankinn að verðbólgan hjaðni þegar líður fram á árið 2007 og nálgist verðbólgu markmið bankans um mitt ár 2008.

Það er ekki hægt að fullyrða með vissu hvaða áhrif þessi framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar á þróun verðlags á næstu árum kemur til með að hafa á stöðu mála á vinnumarkaði. Engu að síður verður að telja að miklar líkur séu á að verði þessi verðlagshækkun reyndin næstu ár þá muni hún hafa áhrif á forsenduákvæði kjarasamninga á vegum launanevndar og annarra á þann hátt að stéttarfélögin muni vilja taka upp launaliði til hækkunar eins og heimilt er samkvæmt gildandi samningum.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er því spáð að atvinnuleysi verði í lágmarki á árinu 2006 en fari vaxandi frá og með árinu 2007. Það kemur nánar fram í töflu 3.

**Tafla 3. Atvinnuleysi.**

	Áætlun 2005	Frumvarp 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
<b>Atvinnuleysi</b>	2,2%	1,8%	2,7%	3,8%	3,7%

Í töflu 2 kemur fram að ríkisstjórnin sér fram á að atvinnuleysi verði í lágmarki á árinu 2006. Svo lágt atvinnuleysisstig hefur í för með sér spennu á atvinnumarkaði með hættu á tilheyrandi launaskriði. Síðan er gert ráð fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi úr því að vera í lágmarki árið 2006 upp í 3,7 - 3,8% á árunum 2008 og 2009. Sú þróun kemur til með að hafa áhrif á verkefni og fjárhag sveitarfélaganna, bæði hvað varðar tekjuhlið þeirra og einnig hvað varðar útgjaldaþörfina vegna ýmissa aðgerða sem leiða af auknu atvinnuleysi.

Gengi krónunnar er mjög hátt sem stendur og hefur það veruleg áhrif á útflutningsatvinnuvegina. Í yfirliti um helstu þjóðhagsstærðir í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að líkur bendi til að gengisvísitala fari hækkandi frá og með næsta ári. Það kemur betur fram í töflu 4.

**Tafla 4. Þróun gengisvísitölu.**

	Áætlun 2005	Frumvarp 2006	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
<b>Gengisvísitala, stig.</b>	-9,2%	3,6%	4,8%	3,5%	3,0%

Fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að gert er ráð fyrir verulegri styrkingu krónunnar á þessu ári en síðan muni hún að veikjast jafnt og þétt á næstu árum. Staða gengismála hefur áhrif á rekstur sveitarfélaga á beinan og óbeinan hátt. Hátt gengi krónunnar hefur í för með sér að ýmis aðföng verða ódýrari og afborganir lána í erlendri mynt léttari en aftur á móti veikjast útflutningsatvinnuvegirir sem þýðir lægri tekjur fyrir fólkið og sveitarfélögin. Ef gengi krónunnar lækkar þá hækka ýmis aðföng í verði og afborganir lána í erlendri mynt þyngjast en aftur á batnar staða útflutningsatvinnuveganna og launagreiðslur þeirra hækka sem þýðir bættu afkomu sveitarfélaganna. Mjög misjafnt er milli sveitarfélaga hve þessi áhrif veiga sterkt á rekstur þeirra. Aukin velta í samfélaginu í kjölfar hærri kaupmáttar vegna háa gengis krónunnar hefur lítil áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna þar sem sveitarfélögin fá ekki tekjur af veltusköttum nema óbeint í gegnum jöfnunarsjóðinn.

#### **Einstakir liðir fjárlagafrumvarpsins sem varða sveitarfélögin.**

Hér verður farið yfir einstaka liði fjárlagafrumvarpsins sem varða bein framlög til sveitarfélaganna og tekin er ákvörðun um árlega með samþykkt fjárlaga.

1. Tekjuskattur lækkar um eitt prósentustig úr 25,75% í 24,75%. Þessi lækkun tekjuskatts hefur áhrif sem lækkuninni nemur á tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem eru að verulegum hluta til hlutfall af öllum skatttekjum ríkissjóðs.
2. Varasjóður húsnæðismála fær greiddar 60 m. kr. vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga. Framlagið er í samræmi við gildandi samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga.
3. Lögbundin framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjárlögum eru 7.650 m. kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fær þar til viðbótar greiddar 820 m. kr. í sérstakt viðbótarframlag. Fjárhæðin skiptist í 120 m. kr. sem er framlag vegna verkefnis um sameiningu sveitarfélaga og 700 m. kr. vegna sérstaks viðbótarframlags með tilvísan til niðurstöðu tekjustofnanefndar fyrr á þessu ári. Þetta framlag er fyrst og fremst ætlað til að jafna aðstöðumun sveitarfélaga m.a. vegna erfiðra ytri aðstæðna.
4. Endurgreiðslur vegna VSK vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða nema samtals 30 m. kr. Það er sama fjárhæð og á síðasta ári. Þessi fjárhæð er of lág til að svara þörfinni eins og hún hefur verið á liðnum árum. Verkefni slökkviliðanna hafa einnig verið að þróast og orðið fjölþættari af þeim sökum. Því hefur ekki tekist að greiða að fullu áfallnar endurgreiðslur á VSK vegna verkefnisins á síðustu árum. Á síðasta ári þurfti að fresta endurgreiðslu VSK vegna þessa verkefnis sem nam fjárhæð að upphæð 6.110.486 kr.

5. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink nema 33,1 m. kr. og er það 12,2 m. kr. hærri fjárhæð en var á fjárlögum fyrir árið 2005. Lagt er til að veitt verði 5,0 m. kr. tímabundin fjárveiting í tvö ár vegna minkaveiða og 5,5 m. kr. tímabundin fjárveiting í fjögur ár vegna refaveiða. Tillögurnar miða að því að endurgreiðsluhlutfallið verði jafnhátt og það var á árinu 2003. Sótt er um jafnhátt framlag vegna þessara veiða í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2005. Sveitarfélög víða um land hafa gagnrýnt það verulega á undanförunum árum hve lág fjárhæð kemur frá ríkinu til þessa verkefnis. Heildarkostnaður við refa- og minkaeyðingu hefur verið yfir 100. m.kr. á ári á undanförunum árum og hlutdeild ríkisins er því lítil af heildarkostnaði við verkefnið. Enda þótt heildarkostnaður við refa- og minkaveiðar sé ekki stór hluti af heildarútgjöldum sveitarfélaga á landinu þá skiptist þessi kostnaður mjög misjafnlega niður á einstök sveitarfélög. Sérstaklega leggst þetta verkefni þungt á fámenn en landstór sveitarfélög þar sem kostnaður við refa- og minkaveiðar tekur til sín óeðlilega stóran hluta af ráðstöfunarfé sveitarfélagsins. Stóru þéttbýlisstaðirnir bera aftur á móti sáralítinn kostnað af þessu verkefni. Sveitarfélögin hafa ekki fengið endurgreiðdan útlagðan VSK af greiðslum til veiðimanna þannig að ríkið fær stóran hluta af framlagi sínu greitt til baka í formi VSK.
6. Til rannsókna og útrýmingar á mink eru áætlaðar 46,5 m.kr.. Það er hækkun um 1,5 m. kr frá fyrra ári. Samkvæmt ummælum umhverfisráðherra er stefnt að því að nota þetta fjármagn til rannsókna á stofnstærð minkastofnsins og að leita leiða til að eyða mink af ákveðnum svæðum á landinu í tilraunaskyni.
7. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna fráveitnaframkvæmda nema 200 m.kr. Þessi fjárhæð er 20 m.kr. lægra en á fjárlögum fyrir 2005, en þá voru 20 m. kr ætlaðar til að mæta skerðingu á framlagi um 100 m. kr. frá árinu 2000. Endurgreiðslur til fráveitnaframkvæmda sveitarfélaga geta hæst numið um 20% af framkvæmdakostnaði sem þýðir í raun að það er einungis verið að endurgreiða VSK vegna þessara framkvæmda. Ekki er tekið tillit til alls framkvæmdakostnaðar við fráveitnaframkvæmdir í þessu sambandi s.s. landakaupa eða kostnaðar við ýmiskonar annan undirbúning.
8. Skipulagsmál sveitarfélaga. Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín eru skv. fjárlagafrumvarpinu eru 80 m. kr.. Þessar greiðslur voru á síðasta ári 60. m. kr. Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál eru 45 m. kr. sem er sama fjárhæð og á síðasta ári.
9. Til Hafnabótasjóðs renna 832,1 m. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Það þýðir 33,4 m. kr. lækkun á Hafnabótasjóði í samanburði við samgönguáætlun. Í öðru lagi er lögð til 200 m. kr. frestun á framkvæmdum Hafnabótasjóðs sem er heldur minni lækkun en gert var ráð fyrir í langtímaáætlun fjárlaga 2005.